

AUGLÝSING

um kosning ríkisstjóra.

104

17. júní

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

gjörir kunnugt: Alþingi hefur í dag, samkvæmt lögum 16. júní 1941, um ríkisstjóra Íslands, kjörið herra Svein Björnsson, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, til þess að vera ríkisstjóri Íslands til jafnlengdar næsta ár.

Þetta birtist öllum landslýð.

Ritað í Reykjavík, 17. júní 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

105

12. ágúst

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabíl gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), sem má nafnskrá í bókum hennar, og verða þau kölluð 13. flokkur bankavaxtabréfa hennar. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr 6 milljónum króna. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, er bankastjórnin ákveður. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans rita undir þau. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Upphæðir þeirra skulu vera 5000, 1000, 500 og 100 kr., og skal hver flokkur hafa sérstakt bókstafseinkenni, og hvert vaxtabréf vera tölusett. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda stofna (talons) með vaxtamiðum til 40 ára.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en sem nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildarflokkurinn á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum, skal trygging fyrir honum vera:

1. Varasjóður veðdeildarflokksins.
2. Sameiginleg (solidarísk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 9. gr.).
3. Ábyrgð ríkissjóðs.